

Nd.

131. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Töluliður 1. b. í 14. gr. orðast svo:

Hefir haft félagaréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1928.

2. gr.

Næstsiðasta málsgrein 17. gr. „Í kaupstöðum“ o. s. frv. orðast svo:

Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms (2. gr. laga nr. 11, 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því).

3. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

4. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

5. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu, þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistar- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanförunum þingum eftir beiðni Iðnráðs Reykjavíkur, eins og bréf það, sem er birt hér sem fylgiskjal, sýnir. Eru tvær fyrstu greinarnar þó teknar hér í fyrsta sinn. Þó eru enn ekki teknar allar breytingar þær, sem iðnráðið hefir farið fram á. Er það nokkuð hart aðgöngu að skylda þá menn til þess að kaupa iðnbréf, sem reka iðn sína aðeins með aðstoð maka síns eða barna sinna innan 21 árs, og varla er heldur að svo komnu ástæðu til þess að láta öll ákvæði laganna, sem aðeins ná til kaupstaðanna, taka hér eftir til allra kauptúna. Hinar breytingarnar eru teknar upp í frv., og eru ástæður fyrir þeim tilgreindar í bréfi því frá iðnráðinu, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR

um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Við 13. gr. Málsgreinin: „Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri“, falli burt.

Við 13., 14. og 18. gr. Í stað „kaupstöðum“ komi: kaupstöðum og kauptúnum.

Við 17. gr. Málsgreinin: „Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni“, orðist svo: Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms. 2. gr. laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó veitir slikt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

3. málsgrein falli burt.

Á eftir 19. gr. komi ný grein, sem verði 20. gr. og hljóði svo:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfssvið þess og kosningu.

Töluröð eftirfarandi greina breytist að sjálfsgöðu í samræmi hér við.

Við 27. gr., sem verður 28. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbrefs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeyp- is. Eftir að meistar- og iðnbrefum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má eng- inn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbrefslaus, og enginn taka lærlinga meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Tillögur þessar um breytingar á nokkrum greinum laga um iðju og iðn- að, frá 31. maí 1927, voru samþykktar samhljóða á fundi Iðnráðs Reykjavíkur í jan. 1929 og aftur í nóv. s. á.

Flestar iðngreinar í bænnum eiga fulltrúa í ráðinu og stendur því megin- þorri allra iðnaðarmanna bæjarins á bak við þessar óskir. Breytingarnar byggj- ast á þeirri sannfæringu vorri, að tilgangur hinna háu löggjafa með lögum þess- um sé sá, að tryggja rétt þeirra manna við atvinnurekstur, sem skýlaus við- urkenning er fyrir, að kunni iðn sína til hlítar. Á þann hátt stuðla löggin að bættum vinnubrögðum og eðlilegum framförum í hverri iðngrein.

En tilgangi þessum virðist oss ekki náð nema kröfurnar um kunnáttu- vottorð (þ. e. iðnbref, þar eð það fyrst um sinn oft mun verða veitt án þess að sveinbref sé fyrir hendi, sbr. 14. gr., tölulið 1. b) séu undantekningarlausar um alla þá, er sjálfir vinna að handverki því, er iðnbrefið hljóðar upp á. Skal nú gera nokkra grein fyrir hverjum lið í tillögum þessum.

13. gr. Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að 1. töluliður í 13. gr. falli burt, þar eð hann lögfestir mönnum án sérþekkingar heimild til að reka sér- hverja iðn, og það jafnvel í stærri stíl, með aðstoð fleiri eða færri barna, t. d. 4 til 5 sona á aldrinum 14 til 21 árs.

Það er augljóst, að í ýmsum iðngreinum, svo sem í mörgum greinum, sem að húsabyggingum lúta, hefir verkkaupandi oft engin skilyrði til að dæma um gæði vinnunnar, og getur útlitið jafnvel verið viðunandi, þó endingin verði léleg eða engin, af því reynslu og sérþekkingu á efnunum, sem úr er unnið, vant- aði. Á þetta einkum við um efni þau, er málárar, múrarar, málmsteypumenn o. fl. nota. Getur þetta því orðið til stórtjóns, einkum þar, sem ekkert lögskipað eftirlit er með þessum iðngreinum, en svo mun vera í allflestum kauptúnum.

Reynsla margra undanfarinna áratuga hefir þá og sýnt, að kunnáttu- lausir menn, verkamenn og sjómenn, hafa hiklaust tekizt á hendur að vinna öll verk, er að húsbyggingum lúta, og jafnvel að reisa heil hús. Hafa stundum hlotizt vandræði af óskammfeilni þessari, svo að ýms stærri bæjarfélög hafa

í seinni tíð gert sérstakar kröfur til þeirra manna, sem takast slík verk á hendur. En sé ástæða til að gera þessar ráðstafanir í kaupstöðum landsins, þá virðist ekki rétt, að lögin heimili ýmsum þeirra slíkan atvinnurekstur án iðnbréfs, fyrir þá sök eina, að þeir geti rekið hann með aðstoð uppkominna barna (sem þá þó samkvæmt skilyrðum laganna skortir kunnáttu til að kenna).

Ástæðulaust teljum vér að gefa mönnum kost á að smeygja sér undan ákvæðum laganna með því að flytja sig til stærri kaupsána, svo sem Akraness eða annara blómlegra byggðarlaga.

Vér litum því svo á, að nauðsyn beri til, að kröfur um kunnáttuvottorð, þ. e. iðnbréf, séu einnig gerðar til atvinnurekenda í kaupsánunum, og þurfa aldrei að hljóta vandráði af, þar eð lögreglustjórum er heimilt, sbr. 18. gr., að veita iðnbréf á ófullkomnum rétti, ef enginn er í einhverju kaupsáni, sem uppfyllir skilyrði laganna til að geta öðlzt iðnbréf. Teljum vér því breytingar þær, er vér óskum á 13., 14. og 18. gr. og að þessu lúta, nauðsynlegar.

Breyting sú, sem óskað er á 17. gr., er í samræmi við anda laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám. Byggist tillaga þessi á þeirri skoðun, að aldrei sé of vel til þeirra manna vandað, sem eiga að kenna komandi kynslóð, svo hún geti orðið fær um, í iðnaðarlegu tilliti, að lyfta oss upp á það menningarstig, sem vér að ýmsu öðru leyti höfum náð. Vér þykjumst fullvissir um, að þeir, sem eru svo færir í handverki sínu, að þeir geti kennt nemendum sínum allt það, sem krafizt er til sveinaprófs, eiga samkvæmt lögunum mjög hægan aðgang að meistarabréfum. Það virðist því engin ástæða til að veita öðrum heimild til að taka nemendur. Ella mundi námið oft verða byrjunin ein og eyða þeim árum unglínganna, sem heppilegust eru til að þeir stundi nám, en gefa þeim mönnum, sem þó eru ekki færir um að undirbúa þá að fullu undir prófsmiðina, tækifæri til að ábatast á vinnu unglínganna, án þess að trygging sé fyrir, að nokkuð komi í staðinn.

Í 18. gr. er lögreglustjórum veitt heimild til að veita mönnum, sem annars uppfylla ekki skilyrði laganna, iðnbréf, ef enginn er sá fyrir, sem rekur einhverja sérstaka iðn. En samkvæmt 16. gr. veitir „iðnbréf“ aðila heimild til að reka iðn sína „hvar sem er á landi hér“.

Virðist oss það opna mönnum leið til að fara í kringum lögin, ef þeir í sveitakaupstað geta fengið iðnbréf, sem veitir þeim rétt til þess að reka atvinnu sem fullgildir iðnaðarmenn hér í Reykjavík eða öðrum stærri bæjum landsins. Teljum vér því heppilegra, að iðnbréf þessi, sem menn hafa öðlzt af sérstökum ástæðum, séu staðbundin. Ástæðan fyrir því, að vér teljum heppilegra, að 3. liður 18. gr. falli burt, er þegar ljós af greinargerð fyrir breytingu á 17. gr.

19. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum, að þessi grein verði sett inn í lögin, er sú, að í þeim er hvergi ákvæði um, hver eigi að hafa eftirlit með því, að lærlingum sé ekki haldið til vinnu um lög fram; að iðnnemar læri það, sem þeir eiga að læra hjá þeim, er taka þá til kennslu; að þeir séu látnir taka sveinspróf að námstíma loknum, eða að þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess; að ekki séu teknir til náms brotthlaupnir lærlingar, í trássi við aðra meistarar; að ekki reki aðrir iðn, eða taki lærlinga, en þeir, sem réttindi hafa til

þess, o. s. frv. En um allt þetta er óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði. Það hafa undanfarið verið til lög og reglugerð um iðnaðarnám og sveinapróf, en aldrei framfylgt í neinu, af því enginn löglegur aðili hefir verið til, er skyldur væri að lita eftir því. Afleiðingin er sú, að þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að lyfta iðnaði vorum, hefir hann smám saman verið að niðast niður í kák, óreiðu og öngþveiti á mörgum sviðum, því þeim, sem færir eru og samvirkusamir, hefir orðið of erfitt fyrir.

Má geta þess, að reglugerð sú, sem gefin var út 1893, var að ýmsu leyti góð. Þó er nú hin megnasta óreiða á öllu, sem að þessum málum lýtur, og mun það koma æ betur í ljós, er beita skal þessum nýju lögum réttilega. Teljum vér þá líklegt, að ýms ágreiningsatriði geti komið fram, þannig vaxin, að iðnaðarmenn einir geti um þau dæmt. Á hinn bóginn teljum vér þá leið happadrýgsta, til þess að fyrirbyggja ágreining út af þessum nýju lagaákvæðum, að gera sem tryggastar ráðstafanir til þess að þau verði haldin, og teljum einnig iðnaðarmenn sjálfa færasta þar um.

Hér í Reykjavík hefir þegar verið kosið iðnráð, og eiga flestar iðngrein- ar, sem hér eru reknar, fulltrúa í því. Virðist það ætla að fá ærinn starfa við að leiðbeina mönnum og jafna minni væringar; á hinn bóginn kemur það naumast að fullum notum nema því verði veitt staðfesting með lögum.

27. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum breytingar á þessari grein, er sú, að vér litum svo á, að eftir að búið er að prenta og gefa út eyðublöð undir iðn- og meistarabréf, þá sé að lögum óheimilt að reka iðn án iðnbréfs og að hafa lærlinga án meistarabréfs, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 13. gr. laga um iðju og iðnað.

Vegna samræmis og eftirlits er nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé full- komlega framfylgt. Á hinn bóginn er vitanlega um land allt sægur af rosnum og reyndum iðnaðarmönnum, sem eiga ótvíráðan rétt á iðn- og meistarabréf- um, og sem mundu þykjast hart leiknir, ef þeir þyrftu nú að fara að kaupa þessi bréf, og mundu jafnvel trassa að gera það. Afleiðingin yrði ýms óþæg- indi og stimabrák, sem óvist er, að væri tilvinnandi fyrir þær krónur, sem fengjust inn í staðinn. Auk þessa skiljum vér lögin svo, að ekki sé ætlazt til að svipta neinn áður fengnum rétti, og virðast þá áður umgetnir menn eiga kröfur til þessara bréfa endurgjaldslost og eins fljótt og auðið er.